

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar.
 Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Atferli Hilmaris Sigurjóns Reynis Karlssonar og Magnúsar Karls Þorsteinssonar eru afgreidd sérstaklega.

D ó m s o r ð :

Ákærði Eli Bæring Einarsson sæti fangelsi í 6 mánuði, en gæzluvarðhaldsvist hans frá 16.—22. maí 1947 skal með fullri dagatölu koma til frádráttar refsingunni.

Ákærði er frá birtingu dómsins sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði greiði Jakob Sveinbjörnssyni 200 krónur og Guðmundi Arnlaugssyni 400 krónur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 13. febrúar 1948.

Nr. 144/1946. Einar Eiríksson (Hrl. Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Önnu Friðriksson (Hrl. Magnús Thorlacius).

Húsaleigumál.

Dómur hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógeta, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 30. okt. 1946, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma útburð þann, sem krafist er. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Það er upp komið í málinu, að stefndi hefur um árábil greitt áfrýjanda húsaleigu fyrir marga mánuði í einu eftir á, án þess að séð verði, að áfrýjandi hafi gert fyrirvara vegna þessa greiðsluháttar. Nú er ekki sannað, að áfrýjandi hafi skorað á stefnda að breyta þessum greiðsluhætti, fyrr en

hann krafðist útburðar í fógetarétti. Að svo vöxnu máli þykir stefndi því ekki hafa fyrirgert leigurétti sínum vegna vanskila á greiðslu húsaleigu. Með vísan til raka hins áfrýjaða úrskurðar verður stefndi ekki talinn hafa brotið leigumálann með öðrum hætti, og ber því að staðfesta úrskurðinn að niðurstöðu til.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda 600 krónur í málskostnað í hæstarétti.

Það athugast, að þrátt fyrir það, að fógeti hafði ákveðið að mál þetta skyldi flytja munnlega, lögðu umboðsmenn aðilja þó einungis fram skriflegar bókanir, og var málið að svo búnu tekið til úrskurðar.

D ó m s o r ð :

Hin áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi Einar Eiríksson greiði stefnda Önnu Friðriksson 600 kr. í málskostnað í hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetadóms Reykjavíkur 17. október 1946.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar hinn 15. okt. þ. á., hefur gerðarbeiðandi, Einar Eiríksson, Marargötu 2 hér í bæ, krafizt þess, að gerðarþoli Anna Friðriksson verði borin út úr íbúð þeirri, sem hún hefur á leigu í ofangreindu húsi gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli hefur mótmælt framgangi hinnar umbeðnu útburðargerðar, og lögðu aðiljar málið undir úrskurð fógetaréttarins.

Gerðarbeiðandi hefur krafizt málskostnaðar.

Undanfarið hefur gerðarþoli Anna Friðriksson haft á leigu 5 herbergi og eldhús í húsi gerðarbeiðanda, nr. 2 við Marargötu. Skriflegur samningur hefur ekki verið gerður um þetta leiguréttarsamband aðiljanna.

Aðiljum ber saman um, að leiga hefi átt að vera kr. 200.00 á mánuði. Gerðarbeiðandi kveður, að leigu hafi átt að greiða mánaðarlega fyrirfram, en gerðarþoli kveður, að ekkert hafi verið um það samið, og hafi reyndin verið sú, að leigan hafi verið greidd mjög óreglulega.

Gerðarbeiðandi kveður, að í maí 1945 hafi gerðarþoli verið komin í mjög mikil vanskil með leigugreiðslur sínar, en þá hafi hún verið krafin um 4 mánaða leigu. Hafi hún þá einungis greitt fyrir 2 mánuði, en neitað að greiða afganginn, þar sem hún hefði á

sinn kostnað látið gera við miðstöðvarketil þar í húsinu, en gerðarbeiðanda bæri að láta inna slík verk af hendi. — Eftir þetta hafi hún enga leigu greitt, þar til 1. marz s. l., en þá hafi hún greitt skuldina upp með tékk á sparisjóð Landsbankans. Kveðst gerðarbeiðandi hafa tekið á móti þeirri greiðslu á pósthúsinu, en tékkur þessi var sendur í pósti, og kvittað á móttökuviðurkenninguna með fyrirvara. — Frá 1. marz s. l. og til 20. júní s. l., en þá ritar gerðarbeiðandi útburðarbeiðni sína, kveður gerðarbeiðandi að gerðarþoli hafi enga leigu greitt sér. Þá heldur gerðarbeiðandi því fram, að á s. l. vetri hafi gerðarþoli, án síns leyfis, tekið Elsu Sigfúss söngkonu og barn hennar inn í íbúð sína, og hafi Elsa dvalið þar langan tíma.

Vegna hvorttveggja þessa, leiguvanskilanna og óheimillar framleigu, ritaði gerðarbeiðandi fógetarétti Reykjavíkur hinn 20. júní s. l. og krafðist útburðar á gerðarþola.

Þess skal sérstaklega getið, að samkvæmt skýrslu gerðarbeiðanda hér fyrir réttinum, hefur húsaleigunefnd ekki metið leigu fyrir hið umdeilda húsnæði. Hins vegar skýrir gerðarbeiðandi svo frá, að vísitöluuppbót hafi verið tekin á leiguna frá því fyrst var gert ráð fyrir slíkum greiðslum í lögum.

Gerðarþoli mótmælir báðum framangreindum útburðarástæðum. Kveður hún, að sú hafi verið orðin venja, að leigan væri greidd mjög óreglulega, stundum hafi verið greitt fyrir marga mánuði í einu. — Kveðst hún t. d. hafa sent gerðarbeiðanda húsaleigu í eina fyrir tímabilið 1. júní 1944 til 28. febrúar 1945, og hafi gerðarbeiðandi enga athugasemd gert við þann greiðslumáta. Sjá og rskj. 7 og 8. Þá kveðst hún hafa greitt gerðarbeiðanda 12 mánaða leigu hinn 26. febrúar 1946, sjá rskj. 5, en gerðarbeiðandi hafi enga athugasemd gert við sig út af þeirri greiðslu, hvorki munnlega eða bréflega.

Er mál þetta kom fyrst fyrir fógetaréttinn, greiddi umboðsmaður gerðarþola áfallna leigu fyrir marz—júní s. l. incl. og var þeirri greiðslu veitt viðtaka með fyrirvara. Síðan var boðin fram leiga fyrir júlí og september, en leiga fyrir ágúst og október var send í pósti, sjá rskj. 9 og 13. Engri þessara síðastnefndu greiðslna var veitt viðtaka. Allar greiðslurnar voru greiddar eða boðnar fram með uppbót samkvæmt húsaleiguvísitölu.

Þar sem leigumat á hinn umdeildu íbúð hefur ekki farið fram, verður að telja, með tilvísun til 6. gr. laga nr. 39/1943, að gerðarþola hafi ekki borið að greiða annað eða meira en þær kr. 200.00, sem aðiljum ber saman um að upprunalega hafi verið um samið. Engu að síður hefur gerðarbeiðandi játað að hafa tekið vísitöluuppbót á leigugreiðslur gerðarþola, allt frá því lög gerðu ráð fyrir slíkum aukagreiðslum.

Með greiðslum sínum og leiguframboðum undir rekstri málsins hefur gerðarþoli sýnt, að hana skortir hvorki vilja né getu til að standa í skilum með húsaleigugreiðslur sínar.

Án þess farið sé nánar út í greiðslur þessar, er þó sýnt, samkvæmt upplýsingum gerðarbeiðanda sjálfs um vísitöluuppbótartökur þær, sem að framan greinir, að því fer viðs fjarri, að gerðarþoli skuldi gerðarbeiðanda nokkra húsaleigu, og verður útburður á gerðarþola engan veginn byggður á þessu atriði.

Hvað hinu atriðinu viðvikur, að gerðarþoli hafi á ólögmætan hátt tekið Elsu Sigfúss inn í íbúð sína, þá hefur gerðarþoli haldið því fram, að greind Elsa hafi eingöngu dvalið hjá sér sem gestur og enga leigu greitt sér, og hafi gerðarbeiðandi aldrei fundið að þessu atriði fyrr en nú undir rekstri málsins. Gegn þessum mót-mælum hefur gerðarbeiðanda ekki tekizt að sanna, að vera Elsu Sigfúss hafi verið slík, að ólögmætt megi teljast gagnvart sér.

Verður niðurstaða málsins sú samkvæmt framansögðu, að gerð þessari verður synjað framgangs og málskostnaðarkrafa gerðarbeiðanda ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Gerð þessi skal ekki fram fara.

Málskostnaðarkrafa gerðarbeiðanda verður eigi tekin til greina.

Mánudaginn 16. febrúar 1948.

Nr. 134/1947. **Valdstjórnin** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Max Karp (Hrl. Theódór B. Lindal).

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Forstöðumaður Sjómannaskólans í Reykjavík hefur markað á sjóuppdrátt stað þann, er stjórnendur varðskipsins mældu við dufl það, sem sett var í kjölfar togara kærða kl. 15.03 hinn 2. desember f. á., og reyndist staður þessi 1.1 sjómílu innan landhelgislinu. Gullgengi krónunnar hefur haldizt óbreytt frá uppsögu héraðsdóms. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 400.00 til hvors.